

SKRÁNINGARLÝSING

Verðtryggð skuldabréf Bakkavarar Group hf.
1. flokkur 2003




Yfirlýsingar

Yfirlýsing útgefanda:

Bakkavör Group hf., kt. 410886-1629, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að skráningarlýsing þessi sé eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir. Hún sé gerð á grundvelli 4 gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

F.h. Bakkavarar Group hf.
29. október 2003



Lýður Guðmundsson
Forstjóri
Kt. 170767-5199


Yfirlýsing umsjónaraðila:

Umsjónaraðili skráningar í Kauphöll Íslands, Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt: 560882-0419, Austurstræti 5, 101 Reykjavík, hefur samið skráningarlýsingu þessa. Kaupþing Búnaðarbanki hf. hefur í því skyni aflað þeirra gagna frá félaginu og löggiltum endurskoðendum þess sem talin voru nauðsynleg. Kaupþing Búnaðarbanki hf. lýsir því yfir að skráningarlýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir. Hún er gerð á grundvelli 4. gr. viðauka við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í Kauphöll Íslands hf.

F.h. Kaupþings Búnaðarbanka hf.
29. október 2003



Baldur Þór Vilhjálmsson
Markaðsviðskipti
Kt. 250476-2999



Ingólfur Helgason
Forstöðumaður Markaðsviðskipta
Kt. 041067-5279

Almennar upplýsingar um verðtryggð skuldabréf Bakkavör Group hf., 1. flokkur 2003.

Útgefandi	Bakkavör Group hf., kt. 410886-1629, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, sími 550-9700, bréfsími 550-9709.
Samþykki skuldabréfaútgáfu	Stjórn Bakkavarar Group hf. samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á stjórnarfundi þann 25. apríl 2003. Samþykkt er að gefa út skuldabréf fyrir 5.000.000.000,- kr. að nafnverði. Fjárfestum er bent á að stjórn útgefanda samþykkti jafnframt að skuldabréfaflokkurinn verði opinn og hefur ekki verið tekin ákvörðun um endanlega stærð hans. Núverandi heimild frá 25. apríl 2003 hefur verið fullnýtt.
Starfsemi	Tilgangur Bakkavarar Group hf. er að vera alþjóðlega leiðandi fyrirtæki í framleiðslu, sölu og dreifingu á fullunnum kældum og ferskum matvælum undir vörumerkjum Bakkavör Group hf. og eigin vörumerkjum verslanakeðja (e. Privat label).
Umsjón með skráningu	Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Austurstræti 5, 101 Reykjavík.
Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging	Heildarnafnverð 1. flokks 2003 verður a.m.k. 5.000.000.000,- kr. Flokkurinn er opinn. Útgáfudagur bréfanna var 15. maí 2003. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni afborgun þann 15. maí 2009. Nú þegar hafa verið útgefin og seld bréf samtals að nafnverði 5.000.000.000,-. Flokkurinn er sölutryggður.
Nafnvextir og verðtrygging	Skuldabréfin í 1. flokki 2003 eru kúlubréf og bera þau 6,70% ársvexti. Bréfin bera vexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 15. maí 2003. Vextir greiðast í einu lagi á lokagjaldaga þann 15. maí 2009. Skuldabréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, með grunnvísitölu í maí 2003, 227,0. Engin hlunnindi fylgja bréfunum.
Einingar skuldabréfanna	Bréfin eru gefin út rafrænt skráð í 5.000.000.- krónu einingum. Lágmarksviðskiptaeining í Kauphöll Íslands hf. er 5.000.000,- kr.
Ávöxtunarkrafa og sölugengi	Útgáfudagur bréfanna var 15. maí 2003. Ávöxtunarkrafan á fyrsta söludegi var 6,70% og sölugengi 0,999177. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að fá hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf., kt. 560882-0419, Austurstræti 5, 101 Reykjavík.

Viðskiptavakt

Kaupþing Búnaðarbanki hf. skuldbindur sig til að setja fram daglega kaup- og sölutilboð í skuldabréfin, hvort fyrir sig að lágmarki 10 m.kr. að nafnverði í Kauphöll Íslands hf. Viðskiptavaktin hefst við opnun markaðar kl. 10:00 á hverjum viðskiptadegi. Jafnframt mun viðskiptavaki endurnýja tilboð sín innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið. Viðskiptavaki mun gæta þess að munur kaup- og sölutilboða sé ekki meiri en 1,5% af markaðsvirði. Fari upphæð viðskipta upp fyrir 100 milljónir að markaðsvirði á einum degi áskilur Kaupþing Búnaðarbanki hf. sér rétt til þess að hætta viðskiptavakt þann dag.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. áskilur sér rétt til þess að hætta að leggja fram kauptilboð vegna ofangreindrar viðskiptavaktar ef félagið hefur eignast vegna viðskiptavaktarinnar 1/6 af heildarútgáfu skuldabréfaflokksins.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. áskilur sér rétt til þess að hætta að leggja fram sölutilboð ef félagið á ekki umrædd skuldabréf.

Skráning

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2003 skuldabréfa Bakkavarar Group hf. á skrá og verða þegar seld bréf að upphæð kr. 5.000.000.000,- að nafnverði skráð þann 7. nóvember 2003 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni bréfanna er BAKK 03 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000007805.

Kostnaður

Bakkavör Group hf. greiða allan kostnað við útgáfuna. skuldabréfanna ásamt 0,5% stimpilgjaldi. Heildarkostnaður ásamt stimpilgjaldi er um 90.000.000,- kr.

**Heildarfjárhæð,
sem aflast með útboðinu**

Að minnsta kosti 4.900.000.000 milljónir króna.

Tilgangur sölnunnar

Að afla fjár til starfsemi Bakkavarar Group hf.

Fyrirkomulag sölu og sölutímabil

Skuldabréfin voru seld í lokuðu útboði frá 15. maí 2003 til 16. júní 2003. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu.

Umsjón með skráningu og sölu

Umsjónaraðili:
Kauþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Austurstræti 5,
101 Reykjavík.

Greiðslustaður

Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá Bakkavör Group hf., kt. 410886-1629, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, nema öðrum aðila verði falin þau til innheimtu.

Tryggingar

Bakkavör Group hf. ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.

Fyrningarákvæði

Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjaldþaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjaldþaga skv. 3. gr. sömu laga.

Greiðslufyrirkomulag

Bakkavör Group hf. mun, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf. greiða skuldabréfin á gjalddaga, til þeirrar reikningsstofnanna þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikninga skuldabréfaeigenda.

Viðtökudráttur og vanskil

Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framsöl

Skuldabréfin skulu skráð á nafn. Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfðir, búskipti eða aðför, skal ávallt skrá hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustuaðgerðum og ráðstöfunum með samningi. Eignaskráning rafbréfa í Verðbréfaskráningu, að undangenginni lokafærslu Verðbréfaskráningar, veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Félagið ber enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti

Skattamál og stimpilskylda

Samkvæmt 5 tl. 74. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 teljast bréf þessi til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsingu og önnur gögn um Bakkavör Group hf. sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf., Austurstræti 5, 101 Reykjavík.